

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um heildarskuldir sjávarútvegsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru heildarskuldir sjávarútvegsins, erlendis annars vegar og innan lands hins vegar?*
2. *Hver hefur verið þróun eigna- og skuldastöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sl. fjögur ár?*

Í eftirfarandi töflu koma fram upplýsingar um heildarskuldir sjávarútvegsfyrirtækja bæði innan lands og erlendis auk upplýsinga um eignastöðu þessara fyrirtækja. Vísað er til neðanmálgreina varðandi frekari skýringar á hverjum lið fyrir sig. Í aftasta dálki töflunnar koma svo fram upplýsingar um eiginfjárhlutfall greinarinnar.

Eignir, skuldir og eiginfjárhlutfall sjávarútvegsfyrirtækja í árslok 1997–2000. (Allar upphæðir í millj. kr.)

Ár	Eignir ¹	Skuldir innan lands	Skuldir erlendis	Heildarskuldir	Eiginfjárhlutfall
1997 ²	170.299	46.349	78.561	124.910	26,7%
1998 ³	188.995	45.960	96.446	142.406	24,7%
1999 ⁴	219.990	65.015	105.714	170.728	22,4%
2000	255.295 ⁵	70.420 ⁶	127.631 ⁷	198.051	22,4%

Heimild: Seðlabanki Íslands.

¹ Við áætlun eigna er hvorki tekið tillit til útgáfu nýs hlutafjár né greidds arðs.

² Upplýsingar um eignir og skuldir ársins 1997 eru úr Atvinnuvegaskýrslu Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1997.

³ Upplýsingar um eignir og skuldir ársins 1998 eru úr handriti Atvinnuvegaskýrslu Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1998.

⁴ Eignir og skuldir ársins 1999 eru reiknaðar út frá pörðum samanburði skulda og eigna úrtaks sjávarútvegsfyrirtækja árin 1998 og 1999.

⁵ Byggt á framreikningi þar sem gert er ráð fyrir að eignir aukist á milli ára um það sem nemur aukningu skulda og hreinum hagnaði auk endurmats fastafjármuna.

⁶ Reiknað út frá vexti skulda sjávarútvegsins við lánakerfið.

⁷ Samkvæmt lánakerfissuppgjöri Seðlabanka Íslands.